



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

# FJÁRMÁL

## Vefrit Fjármálaeftirlitsins

### Efni:

#### Langaði til að taka þátt í uppbyggingunni

Viðtal við Unni Gunnarsdóttur,  
forstjóra Fjármálaeftirlitsins

#### Hefur Ísland náð ásættanlegum árangri við úrvinnslu útlána í vanskilum?

Stefán Þór Björnsson,  
sérfræðingur í greiningum

#### Neytendavernd á fjármálamarkaði

G. Áslaug Jósepsdóttir og Valdimar Gunnar Hjartarson,  
lögfræðingar á eftirlitssviði

#### Birting á niðurstöðum á eiginfjárkröfum samkvæmt SREP

Elvar Guðmundsson,  
sérfræðingur í greiningum

#### Fjölgun málskota til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum

Rúnar Guðmundsson,  
formaður úrskurðarnefndar í váttryggingamálum

# LANGAÐI TIL AÐ TAKA ÞÁTT Í UPPBYGGINGUNNI

**Unnur Gunnarsdóttir hefur nú verið forstjóri Fjármálaeftirlitsins í rúmt ár og því liggur nokkuð beint við að spyrja hana hvað hafi gerst á þeim tíma sem liðinn er.**

„Þegar ég tók við sem forstjóri hafði nýlega verið tekið í gagnid nýtt skipurit. Á þeim tíma sem liðinn er höfum við verið að byggja upp innviði samhliða því sem við höfum unnið að reglulegum og ýmsum óreglulegum eftirlitsverkefnum.

Mikil uppbygging hefur farið fram á þessu ári. Við erum meðal annars að vinna að endurbótum á starfsháttum. Það er áskorun að ná árangri með uppbyggingu innviða stofnunarinnar til þess að geta séð áþreifanlegan árangur.“

**Traust almennings til Fjármálaeftirlitsins hefur aukist og er 18% en margir myndu vilja sjá enn betri árangur – hvernig sérðu framtíðina?**

„Fyrst er til að taka að þetta er stökk úr 12% þannig að við höfum hækkað um 50%. Við megum ekki gleyma því. Það er vissulega mikilvægt að byggja upp traustið enn frekar og ég hef metnað til þess að árangurinn verði enn betri á næstu árum. Eðlilegast er að traust til okkar vaxi jafnt og þétt. Þetta er hins vegar langhlaup.“

**Hvaða leiðir sérðu vænlegar til að byggja upp meira traust?**

„Leiðirnar fyrir stjórnvald eru að vera trútt sínu hlutverki og vanda sín verk. Það er ekki hægt að stytta sér leið í þeim efnum enda vil ég að aukid traust spretti af raunverulegum árangri.“

**Þær raddir hafa heyrst að Fjármálaeftirlitið sé of stórt. Hverju svarar þú slíku?**

„Fjármálaeftirlitið er ekki of stórt í þeim skilningi að það eru ærin verkefni fyrir þennan hóp af fólki og við þurfum að forgangsraða og velja úr verkefnum. Við erum ennþá að glíma við óvenjuleg vandamál sem leiddu af hruninu. En þar sem stofnunin er stór og þjóðin er lítil er það markmið mitt að við náum sambærilegum árangri og afköstum og helst meira með heldur færri fólki þegar fram líða stundir.“

**Þær raddir heyrast líka að það sé mögulega verið að sýna of mikla hörku í dag, svona eins og yfirlit fyrir of mikinn slaka sem gefinn hafi verið hér áður.**

„Það er ekki um þetta að ræða. En löggjöfin hefur verið styrkt að því leyti að Fjármálaeftirlitinu eru ætlaðar meiri valdheimildir en áður. Það er hlutverk Fjármálaeftirlitsins að beita þeim valdheimildum eftir því sem tilefni gefst til í samræmi við góða stjórnsýsluhætti og á það leggjum við áherslu. En við verðum að beita valdheimildum af varúð og málefnalega. Það sem við höfum að leiðarljósi er að stuðla að því að það sé heilbrigt fjármálakerfi í landinu. Okkur ber að fylgjast með og bregðast við með viðhlitandi hætti. Það er okkar hlutverk.“

**Sú gagnrýni hefur líka heyrst að Fjármálaeftirlitið vinni ekki nógu vel fyrir neytendur. Hverju svarar þú því?**

„Ég geri ráð fyrir að það sé vegna þess að fólk hefur væntingar um að Fjármálaeftirlitið geti skorið úr ágreiningi milli viðskiptavina og

fyrirtækja á fjármálamarkaði en svo er ekki. Svo er annað. Fleiri aðilar hafa hlutverk gagnvart neytendum og það er flóknara en æskilegt væri fyrir fólk að átta sig á því hvert það á að snúa sér. Ég hef áhuga á því að skýra þessi mörk og við höfum átt frumkvæði að því að koma á samtali milli ýmissa aðila hvað þetta varðar.“

**Leið þín að forstjórstólnum var nokkuð óvenjuleg. Hefði þér dottið þetta í hug þegar þú réðst þig til starfa að þú ættir eftir að verða forstjóri stofnunarinnar?**

„Nei, mér datt það ekki í hug. Ég réð mig hingað sem yfirlögfræðing og hóf störf síðsumars 2010 en lífið er þannig að maður verður ávallt að gera það sem er réttast í þeirri stöðu sem maður er í hverju sinni. Þegar ég sótti um yfirlögfræðingsstarfið þá var það vegna þess að mig langaði til að taka þátt í uppbyggingunni sem ég vissi að væri fyrir höndum. Ég fékk tækifæri til að gera það í enn ríkara mæli en ég sá fyrir á þeim tíma en tók fyrst við starfi forstjóra 1. mars á síðasta ári.“

**Hvernig sérðu þróun Fjármálaeftirlitsins á næstu árum?**

„Ég tel að við eigum eftir að eflast og festa okkur í sessi sem traust eftirlitsstofnun og það er afar mikilvægt fyrir íslenskan fjármálamarkað. Það má ekki gleyma því að Fjármálaeftirlitið er andlit Íslands hvað varðar fjármálamarkaðinn hér á landi gagnvart erlendum stjórnvöldum, bæði öðrum fjármálaeftirlitum og Evrópustofnunum. Það skiptir því miklu máli fyrir íslenskan fjármálamarkað við séum öflug og frambærileg.“

„... fólk hefur væntingar um að Fjármálaeftirlitið geti skorið úr ágreiningi milli viðskiptavina og fyrirtækja á fjármálamarkaði en svo er ekki“



# HEFUR ÍSLAND NÁÐ ÁSÆTTANLEGUM ÁRANGRI VIÐ ÚRVINNSLU ÚTLÁNA Í VANSKILUM?

Eftir mikla þenslu og útlánaaukningu á Íslandi eftir árið 2003 byrjuðu óveðursský að hrannast upp yfir landinu í árslok 2007. Gengi krónunnar fór að síga og verð hlutabréfa féll. Haustið 2008 hrundu þrjár stærstu viðskiptabankar landsins sem leiddi til þess að krónan snarféll með tilheyrandi verðbólguþroti og hlutabréfamarkaðurinn nánast þurrkaðist út. Í kjölfarið varð umtalsverður efnahagssamdráttur sem leiddi til mikilla erfiðleika hjá fyrirtækjum og heimilum landsins. Þetta varð þess valdandi að vanskil í íslenska bankakerfinu jukust mikið.

Eftir fjármálakreppu er úrvinnsla vanskila mjög mikilvægt verkefni og gegnir vanskilahlutfallið m.a. því hlutverki að mæla árangurinn af endurskipulagningu útlána í vanskilum. Það hlutfall er hægt að reikna eftir mismunandi reiknaðferðum sem geta gefið mjög ólíka niðurstöðu. Hér verður tæpt á nokkrum mælikvörðum sem skila ólíkum niðurstöðum.

Hægt er að reikna vanskil ýmist eftir lánþega eða útláni. Þegar vanskilahlutfall er reiknað út frá lánþega, lánþegaáðferðin (e. cross default approach), er miðað við að öll útlán viðkomandi við fjármálafyrirtækið séu í vanskilum ef eitt þeirra er komið í vanskil. Þegar hlutfallið er reiknað út frá útláni, útlánaáðferðin (e. facility based approach) er miðað við að útlánið sé allt komið í vanskil sé einhver afborgun þess komin í vanskil.


Að auki er hægt að reikna vanskilahlutfallið eftir annars vegar kröfuvirði lána, þ.e. samtölu uppsafnaðra vaxta og höfuðstóls þeirrar fjárhæðar sem lánþegi skuldar lánveitanda, og hins

vegar bókfærðu virði lánanna, þ.e. hvernig fjármálafyrirtæki metur líklegar endurheimtur lánanna.

Á mynd 1 má sjá hvernig vanskilahlutfallið hefur þróast miðað við kröfuvirði og bókfært virði sem og miðað við lánþegaáðferðina og útlánaáðferðina. Nefnari vanskilahlutfallsins er útlán til viðskiptavina.

Hlutfallið er reiknað út frá vanskilum útlána fjögurra stærstu lánafyrirtækja landsins sem eru Arion banki hf., Íslandsbanki hf., Landsbankinn hf. og Íbúðalánasjóður. Þau eru hér nefnd „hinir fjórir stóru“. Útlán þessara lánafyrirtækja nema yfir 90% af bókfærðu virði útlána lánastofnana hér á landi og má því ganga út frá því að vanskilahlutfall þeirra endurspeglir nokkuð vel vanskilahlutfall íslenska fjármálakerfisins.

Til þess að meta árangur Íslands er gagnlegt að setja stöðu landsins í samhengi við önnur lönd sem hafa gengið í gegnum svipaða kreppu. Tekið skal fram að fjármálaáföll eru misalvarleg og því erfitt að bera reynslu eins lands saman við reynslu annars lands. Tölur um hlutfall útlána í vanskilum eru óáreiðanlegri eftir því sem farið er lengra aftur í tímann. Auk þess getur verið erfitt að finna góð gögn varðandi vanskil. Hér er farin sú leið að bera stöðu Íslands saman við tvö lönd sem fóru gegnum Asiukreppuna 1997 og sex lönd í Austur-Evrópu sem lentu í erfiðleikum í



Mynd 1 „Hinir fjórir stóru“ – vanskil m.v. mismunandi mælikvarða

fjármálakreppunni 2008 á sama tíma og Ísland.

## 1.2. Asiukreppan 1997

Asiukreppan hófst á síðari hluta ársins 1997 með miklu gengisfalli tælenska batsins. Þau lönd sem urðu verst fyrir barðinu á þessari kreppu voru Tæland, Indónesía og Suður-Kórea. En Filippseyjar, Malasía, Hong Kong, Brúnei, Víetnam og Laos gengu einnig gegnum kreppu en þau fóru þó ekki jafn illa út úr henni og þrjú fyrstnefndu löndin. Gjaldmiðlar Tælands og Indónesíu féllu snarlega haustið 1997. Þar sem mörg fyrirtæki í þessum löndum voru með lán í erlendum myntum hafði hin snögga gengislækkun, ásamt mikilli hækkun vaxta sem fylgdi í kjölfarið, afar slæm áhrif á fjárhag fyrirtækjanna. Afleiðingin varð sú að mjög mörg þeirra komust í vanda. Í kjölfar gengisfallsins snarhækkaði vanskilahlutfall útlána í fjármálakerfinu sem varð þess valdandi að mörg þarlend fjármálafyrirtæki lentu í miklum greiðsluferfiðleikum. Tæland og Indónesía voru þó tiltölulega



**Stefán Björnsson,**  
sérfræðingur í greiningum

fljót að jafna sig þar sem góðir útflutningsmarkaðir á Vesturlöndum og aukin samkeppnishæfni í kjölfar gengisfellingar gerðu það að verkum að útflutningur jókst hratt og varð það til þess að löndin komust á skömmum tíma út úr kreppunni. Þrátt fyrir að kreppan hafi ekki varað lengi í þessum löndum glímdu þau við vandamálin vegna vanskilalána í mörg ár.


Á mynd 2 er vanskilahlutfallið borið saman hjá annars vegar Tælandi og Indónesíu (1997) og hins vegar Íslandi (2008) í kjölfar fjármálakreppu í viðkomandi löndum. Íslenska vanskilahlutfallið sem hér er notað miðast við kröfuvirði og útlánaaðferðina en það gefur líklega sambærilegustu myndina við þróun vanskilahlutfalla hjá Indónesíu og Tælandi. Eins og áður hefur komið fram er oft erfitt að bera saman vanskilahlutföll milli ríkja en tölurnar ættu að vera nokkuð sambærilegar.

Eins og greina má hér að framan er þróunin nokkuð svipuð hjá Indlandi og Tælandi eftir Asiukreppuna og hjá Íslandi eftir hrun. Hafa verður í huga að margt er ólíkt með þessum tveimur löndum annars vegar og Íslandi hins vegar. Helsti munurinn er sá að lagaumgjörð og virkni dómstóla er meiri á Íslandi en á móti kemur að hagvöxtur Tælands og Indónesíu varð meiri eftir þeirra kreppur. Framangreindur samanburður á þróun vanskila bendir til þess að árangur Íslands í skuldaúrvinnslu hafi ekki verið lakari en Tælands og Indónesíu. Vanskilahlutfallið hér á landi virðist vera að þróast eins og


við mátti búast m.v. það áfall sem Ísland varð fyrir haustið 2008. Hátindur vanskilahlutfallsins hjá Indónesíu og Tælandi var hærri en á Íslandi og lækkun vanskilahlutfalls hjá þessum ríkjum var í kjölfarið hraðari, einkum þó í Indónesíu. Ef miðað er við reynslu Indónesíu og Tælands gæti það tekið Ísland um 8-10 ár í viðbót að koma vanskilum í ásættanlegt horf, sem er hér skilgreint sem 2,5%, að því gefnu að annað fjármálaáfall ríði ekki yfir á tímabilinu og lækkunarhraði vanskilahlutfalls á Íslandi verði svipaður og hjá Tælandi og Indónesíu.

### 1.3. Fjármálakreppan 2008 í Austur-Evrópu

Mikill hagvöxtur og útlánaaukning í ríkjum Austur-Evrópu á árunum 2003-2008 endaði snögglega með fjármálakreppunni 2008. Í kjölfarið hækkuðu vanskilahlutföll útlána í þessum ríkjum. Á mynd 3 er sýndur samanburður á þróun vanskila hjá annars vegar Íslandi og hins vegar Ungverjalandi



**Mynd 2** Vanskil í Tælandi og Indónesíu eftir Asiukreppuna í samanburði við reynslu Íslands eftir hrunið



**Mynd 3** Vanskil útlána hjá Íslandi, Ungverjalandi og Slóveníu

og Slóveníu. Vanskilahlutföll síðarnefndu ríkjanna eru reiknuð út frá lánþegaaðferðinni og kröfuvirði og er því miðað við sömu forsendur fyrir Ísland.


Eins og sjá má er áfall Íslands mun meira en Ungverjalands og Slóveníu. Vanskilahlutfallið fer þó lækkandi á Íslandi, reyndar eftir mjög hátt ris fyrstu tvö árin, á meðan það hækkar stöðugt hjá Ungverjalandi og Slóveníu. Á mynd 4 má sjá samanburð á þróun vanskila hjá annars vegar Íslandi

og hins vegar Eistlandi, Búlgaríu, Makedóníu og Rúmeníu. Síðastnefndu ríkin fjögur reikna vanskilahlutfallið út frá útlánaaðferð og kröfuvirði og er því miðað við sömu forsendur fyrir Ísland.

Vanskilahlutfallið hjá Búlgaríu, Rúmeníu og Makedóníu fer stöðugt hækkandi yfir tímabilið á meðan vanskilahlutfallið hjá Íslandi, eftir mjög hátt ris fyrstu tvö árin, er að lækka. Eistland og Makedónía hafa aftur á móti náð betri árangri.

Myndir 3 og 4 sýna að áfall Íslands varð mun meira en hinna landanna. Íslandi virðist þó ganga sæmilega að vinna úr vandanum með hliðsjón af lækkandi

vanskilahlutfalli að liðnum fyrstu tveimur árunum eftir hrun. Hjá fjórum af umræddum sex Austur-Evrópulöndum fer vanskilahlutfallið hins vegar stöðugt hækkandi og aðeins tvö ríki virðast hafa náð tókum á vandanum að því leyttinu að hlutfallið er þó að minnsta kosti ekki að hækka. Þegar Ísland er síðan borið saman við tvö lönd í Asíukreppunni og sex í Austur-



Mynd 4 Vanskil hjá Íslandi, Eistlandi, Búlgaríu, Makedóníu og Rúmeníu

Evrópukreppunni virðist mega draga þá ályktun að Ísland hafi náð ásættanlegum árangri við úrvinnslu útlána í vanskilum eftir hrun.



# NEYTENDAVERND Á FJÁRMÁLAMARKAÐI

Fjármálaeftirlitið fylgist með því að eftirlitsskyldir aðilar á fjármálamarkaði fari eftir þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi. <sup>1</sup> Auk þess fylgist Fjármálaeftirlitið með því að sömu aðilar starfi samkvæmt eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum. Um eftirlitið fer samkvæmt lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og þeim sérlögum sem gilda um starfsemi eftirlitsskyldra aðila.

Í einstökum lagaákvæðum felst rík neytendavernd. Má þar á meðal nefna ákvæði um upplýsingaskyldu við kynningu eða sölu á vöru eða þjónustu, ákvæði sem fela í sér kröfur til fjárhagslegs styrks, ákvæði um virka eignarhluti, um hagsmunaárekstra o.fl. Þeim til fyllingar eru ákvæði um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, sem telst vera matskennt lagaákvæði en í því felst að inntak og efni ákvæðisins hefur ekki verið skilgreint heldur er Fjármálaeftirlitinu falið ákveðið mat í þeim efnunum. Mat á inntaki ákvæðisins verður ávallt að vera í samræmi við málefnaleg sjónarmið en slík sjónarmið geta verið dregin af lögum og lögskýringagögnum, markmiðsákvæðum laga, mannréttindaákvæðum, þjóðréttarsamningum og sjónarmiðum sem leiða til samræmis og jafnréttis. Önnur sjónarmið en að framan greinir geta komið til greina auk þess sem tiltekin sjónarmið teljast ávallt ómálefnaleg eins og t.d. persónuleg, pólitísk eða stéttarleg sjónarmið, fjárhagsleg sjónarmið og sjónarmið sem byggja á kynferði, kynþætti o.s.frv. <sup>2</sup>

## II. Eftirlit með viðskiptaháttum á fjármálamarkaði

Eftirlit með viðskiptaháttum á fjármálamarkaði fer annars vegar samkvæmt lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi <sup>3</sup> og hins vegar eftir þeim sérlögum sem gilda um eftirlitsskylda aðila. Slíkt eftirlit er á hendi Fjármálaeftirlitsins. Hins vegar er öðrum stjórnvöldum einnig falið að sinna neytendavernd á fjármálamarkaði. Í því samhengi má nefna Neytendastofu sem ber m.a. ábyrgð á eftirliti á grundvelli laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu <sup>4</sup> og lögum nr. 121/1994 um neytendalán. <sup>5</sup> Aðrir aðilar sem veita neytendum á fjármálamarkaði aðstoð af þessum toga eru Talsmaður neytenda, Umboðsmaður skuldara og Neytendasamtökin.

### I. Valdmörk

Valdmörk Fjármálaeftirlitsins og Neytendastofu eru ekki alltaf skýr en þó má hafa ákveðin sjónarmið í huga. Sú meginregla gildir að almennt orðuð lagaákvæði t.d. eins og ákvæði um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti víkja fyrir skýrum lagaákvæðum um tiltekið efni. Til dæmis má nefna að Neytendastofu er skv. 2. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu falið að hafa m.a. eftirlit með skilmálum sem í boði eru á innlendum markaði. Framangreint ákvæði leiðir til þess að eftirlit með skilmálum fjármálastofnana heyrir undir Neytendastofu en

ekki Fjármálaeftirlitið. Frá þessu er þó undantekning þar sem í lögum um váttryggingastarfsemi er Fjármálaeftirlitinu falið sérstakt eftirlit með váttryggingaskilmálum váttryggingafélaga.

Sé því öðru stjórnvaldi en Fjármálaeftirlitinu sérstaklega falið eftirlit með tilteknum þáttum þá falla þeir málaflokkar almennt utan hinna almennu ákvæða um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og geta þar af leiðandi fallið utan valdsviðs Fjármálaeftirlitsins.

Þær takmarkanir eru á valdsviði Neytendastofu að hún fjallar eingöngu um erindi neytenda eins og þeir eru skilgreindir í lögum um viðskiptahætti og markaðssetningu. <sup>6</sup> Markmið Fjármálaeftirlitsins er hins vegar að gæta hagsmuna allra viðskiptavina fjármálastofnana hvort sem um einstakling eða fyrirtæki er að ræða í samræmi við m.a. markmiðsákvæði laga nr. 161/2002 um fjármála fyrirtæki og ákvæði laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi. <sup>7</sup>

Berist Fjármálaeftirlitinu erindi sem samkvæmt lögum heyrir undir annað stjórnvald framsendir Fjármálaeftirlitið erindið til réttis stjórnvalds í samræmi við 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í öllum tilvikum er sendanda slíks erindis tilkynnt um framsendinguna.

<sup>1</sup> Eftirlitsskyldir aðilar eru taldir upp í 2. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

<sup>2</sup> Skýrsla forsætisráðherra um starfsskiyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og víðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu, 1999, bls. 18-21

<sup>3</sup> Sjá 8. gr. laga nr. 87/1998; <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1998087.html>

<sup>4</sup> <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2005057.html>

<sup>5</sup> <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1994121.html>. Ný lög um neytendalán voru samþykkt á Alþingi 18. mars 2013 og munu þau taka gildi 1. september nk.





**G. Áslaug JÓsepsdóttir,**  
lögfræðingur á eftirlitssviði



**Valdimar Gunnar Hjartarson,**  
lögfræðingur á eftirlitssviði

## ii. Framkvæmd eftirlits með eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum

Eins og áður hefur verið getið hefur Fjármálaeftirlitið m.a. eftirlit með því að eftirlitsskyldir aðilar starfi í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Eftirlit með þeim þætti starfsemi þeirra byggir á almennu og heildstæðu eftirliti, sem felst í því að skoðað er með kerfislægum hætti hvort tilteknum atriðum í starfsemi eða rekstri eftirlitsskyldra aðila sé ábótavant. Slík athugun getur nánar tiltekið falist í því að skoða tiltekna þætti í starfsemi eins einstaks eftirlitsskylds aðila, skoða tiltekna þætti í starfsemi allra sambærilegra eftirlitsskyldra aðila o.s.frv.

Slík athugun getur komið til vegna opinberrar umfjöllunar, ábendinga sem eftirlitinu berast frá utanaðkomandi aðilum t.d. öðrum stjórnvöldum eða viðskiptavinum, vegna athugana eftirlitsins sjálfs o.s.frv.

Með þessum hætti leitast Fjármálaeftirlitið við að gæta hagsmuna allra þeirra sem eiga viðskipti við eftirlitsskylda aðila.

Fjármálaeftirlitið sinnir þó ekki erindisrekstri einstakra viðskiptavina sem beina kvörtun sinni eða láta óánægju sína í ljós með viðskiptahætti eftirlitsskyldra

aðila. Þetta leiðir m.a. af því að Fjármálaeftirlitið hefur ekki úrskurðarvald í ágreiningsmálum einstakra viðskiptamanna og viðsemjenda þeirra eins og nánar er fjallað um hér að neðan.

## iii. Erlend samvinna í neytendamálum á fjármálamarkaði

Áhersla á neytendavernd á fjármálamarkaði hefur farið vaxandi á Evrópuvettvangi undanfarin ár. Eftirlitsstofnunum Evrópusambandsins, þ.e. Evrópska bankaeftirlitinu (EBA), Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitinu (EIOPA) og evrópska verðbréfamarkaðseftirlitinu (ESMA), hefur verið falið það hlutverk að leiða umræðu um neytendavernd og stuðla að gagnsæi, einfaldleika og sanngirni gagnvart neytendum á fjármálamarkaði.

Í þessu skyni hafa verið settar á fót nefndir innan hvers eftirlitsstofnunar til þess að vinna að framangreindu markmiði, m.a. með því að fjalla um áhrif á hagsmuni neytenda á fjármálamarkaði ásamt því að fylgst er með nýjungum á hverjum markaði um sig og áhrif þeirra á réttindi neytenda eru metin. Í ljósi þess að stefnur og straumar á erlendum fjármálamörkuðum rata iðulega inn á íslenskan markað leitast Fjármálaeftirlitið við að

fylgjast með og taka þátt í vinnu ofangreindra nefnda á grundvelli aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Með því móti getur þekking og reynsla annarra Evrópuþjóða af neytendavernd nýst Fjármálaeftirlitinu við eflingu neytendaverndar á íslenskum fjármálamörkuðum og stuðlað að því að eftirlitið verði betur í stakk búið til að takast á við nýjungar á fjármálamörkuðum og áhrif þeirra.

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal Fjármálaeftirlitið setja reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir. Framangreindar reglur eru í vinnslu en við gerð þeirra hefur verið höfð hliðsjón af framkvæmd erlendra stofnana á þessu sviði.

## III. Ábendingar og fyrirspurnir frá viðskiptavinum eftirlitsskyldra aðila

Ábendingar viðskiptamanna á fjármálamarkaði um starfshætti eftirlitsskyldra aðila eru meðal mikilvægustu leiða sem Fjármálaeftirlitið hefur til eftirlits með viðskiptaháttum. Slíkar ábendingar leiða iðulega til athugana Fjármálaeftirlitsins, ýmist hjá einstökum eftirlitsskyldum aðila eða hópi þeirra.

6 Neytandi er einstaklingur sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni.

7 Markmiðsákvæði laga um fjármálafyrirtæki: „Tilgangur laga þessara er að tryggja að fjármálafyrirtæki séu rekin á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni viðskiptavina, hluthafa, stofnfjáreigenda og alls þjóðarbúsins að leiðarljósi.“ Markmiðsákvæði laga um váttryggingarstarfsemi: „Tilgangur laga þessara er að tryggja að váttryggingafélög séu rekin á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni váttryggðra, váttryggingartaka, hluthafa og alls þjóðarbúsins að leiðarljósi.“

Árlega berst Fjármálaeftirlitinu fjöldi fyrirspurna frá einstaklingum og lögaðilum um atriði er lúta að ýmsum þáttum viðskiptasambands þeirra við eftirlitsskylda aðila. Öllum fyrirspurnum sem Fjármálaeftirlitinu berast er svarað í samræmi við leiðbeiningaskyldu stjórnvalda skv. 7. gr. stjórnsýslulaga og verklagsreglum Fjármálaeftirlitsins vegna ábendinga og fyrirspurna.<sup>8</sup> Í því felst að veittar eru nauðsynlegar leiðbeiningar svo fyrirspyrjandi geti gætt hagsmuna sinna á sem bestan hátt, s.s. með því að leiðbeina um þær réttarreglur sem um viðskiptasambandið gilda og vekja athygli á störfum viðeigandi úrskurðarnefnda ef til ágreinings kemur. Í leiðbeiningaþjónustu Fjármálaeftirlitsins felst hins vegar ekki sérfræðiráðgjöf, s.s. álit á réttarstöðu eða úrskurður um heimildir eftirlitsskyldra aðila í einstökum málum. Hafa ber þó í huga að fyrirspurnir, líkt og þær síðastnefndu, kunna að gefa tilefni til sérstakrar athugunar Fjármálaeftirlitsins á viðkomandi þáttum í starfsemi eftirlitsskylds aðila.

Til fróðleiks má geta þess að síðastliðin 3 ár hafa borist 930 skriflegar fyrirspurnir og ábendingar til Fjármálaeftirlitsins. Árið 2010 voru þær 303, árið á eftir 373 og á síðasta ári voru þær 254. Þar að auki berast Fjármálaeftirlitinu að meðaltali tíu fyrirspurnir og ábendingar vikulega í gegnum símaþjónustu eftirlitsins, sem opin er tvisvar í viku.

Þar sem Fjármálaeftirlitið hefur hvorki úrskurðarvald í einstökum ágreiningsmálum né heimild til að skera úr um réttindi og skyldur aðila að einkarétti eiga þeir sem beina erindum

til eftirlitsins ekki sjálfkrafa rétt á því að ábendingar þeirra verði teknar til meðferðar. Leiði ábending eða fyrirspurn til sérstakrar athugunar af hálfu Fjármálaeftirlitsins fer sú athugun fram á grundvelli almenns eftirlits, þ.e. hvort starfsemi viðkomandi eftirlitsskylds aðila sé í samræmi við lög, reglur og eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Í þessu felst m.a. að það er einungis viðkomandi eftirlitsskyldur aðili sem verður aðili málsins í skilningi stjórnsýslulaga, en ekki sá eða þeir sem beindu erindinu til Fjármálaeftirlitsins.

Þrátt fyrir síðastgreint og í ljósi mikilvægis ábendinga og fyrirspurna fyrir hlutverk Fjármálaeftirlitsins leggur eftirlitið áherslu á að meðferð slíkra erinda sé með eins gagnsæjum hætti og mögulegt er. Þess vegna er sérstakur hluti heimasíðu eftirlitsins helgaður umfjöllun um slík erindi þar sem finna má leiðbeiningar um hvernig þeim er komið á framfæri við eftirlitið ásamt því að verklagsreglur Fjármálaeftirlitsins vegna ábendinga og fyrirspurna eru birtar.<sup>9</sup>

#### IV. Bein úrræði neytenda og lyktir mála

Sem fyrr greinir hefur Fjármálaeftirlitið ekki heimild til að skera úr ágreiningi á milli eftirlitsskyldra aðila og viðskiptamanna þeirra. Hins vegar eru starfræktar tvær úrskurðarnefndir sem fjalla um slík ágreiningsmál. Þær eru Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki og Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum en fjallað er um þá nefnd hér aftar.

Báðar nefndirnar eru sjálfstæðar og starfa á grundvelli tveggja mismunandi

samninga. Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki starfar á grundvelli samnings milli Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra (ANR), áður viðskiptaráðherra, Neytendasamtakanna (NS) og Samtaka fjármálafyrirtækja, sbr. 19. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum starfar á grundvelli samnings milli sömu aðila og að framan greinir, sbr. 141. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Fjármálaeftirlitið vistar báðar nefndirnar, tekur við málskotum, sér þeim fyrir fundaraðstöðu og annast almennt skrifstofuhald. Þess skal þó getið að Fjármálaeftirlitið hefur ekki eftirlit með starfsemi nefndanna og getur ekki gefið þeim fyrir máli eða haft áhrif á niðurstöður úrskurða þeirra að öðru leyti.

Nefndirnar hafa báðar sett sér samþykktir þar sem nánar er kveðið á um störf þeirra. Báðar eiga þær það sameiginlegt að þær fjalla um flestan almennan ágreining milli viðkomandi eftirlitsskylds aðila og viðskiptamanna þeirra eftir því sem nánar greinir í samþykktum þeirra. Nefndirnar fjalla hins vegar ekki um eftirfarandi:

- a. Ágreining sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld.
- b. Kröfu viðskiptamanns á hendur eftirlitsskyldum aðila, sem ekki verður metin til fjár.
- c. Breytingar á almennri gjaldtöku fjármálafyrirtækja eða fjárhæðum iðgjalda váttryggingafélaga.

<sup>8</sup> Verklagsreglur Fjármálaeftirlitsins vegna ábendinga og fyrirspurna: <http://www.fme.is/media/eftirlitsstarfssemi/Verklagsreglur-neytendavernd-des.pdf>

<sup>9</sup> Verklagsreglur Fjármálaeftirlitsins vegna ábendinga og fyrirspurna: <http://www.fme.is/media/eftirlitsstarfssemi/Verklagsreglur-neytendavernd-des.pdf>

**d.** Ágreiningsmál sem eru til meðferðar hjá almennum dómstólum eða gerðardómi.

**e.** Mál, sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar.

Ljóst er að fyrir neytendur og aðra viðskiptamenn á fjármálamarkaði hlýst mikið réttarfarshagræði af starfrækslu nefndanna enda er meðferð mála hjá þeim tiltölulega ódýr og skjótvirk.

Vilji aðilar ágreiningsmála ekki nýta sér úrskurðarnefndirnar, þeir una ekki niðurstöðu þeirra eða ef mál er ekki tækt til meðferðar hjá nefndunum geta aðeins almennir dómstólar, eða eftir atvikum gerðardómar, skorið úr ágreiningi aðila.

Sambærileg nefnd vegna ágreinings milli lífeyrissjóðs og sjóðfélaga hefur ekki verið sett á fót en í slíkum tilvikum geta sjóðfélagar skotið ágreiningi til gerðardóms, sbr. 33. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

### **V. Miðstöð neytenda á fjármálamarkaði**

Svo sem að ofan greinir eru valdmörk milli Fjármálaeftirlitsins og Neytendastofu ekki alltaf nægilega skýr þegar kemur að neytendavernd á fjármálamarkaði. Þá hefur komið til álita hvert hlutverk Umboðsmanns skuldara og Talsmanns neytenda sé í þessu sambandi. Sameiginlegt ofangreindum stofnunum er þó að verkefni þeirra tengjast að einhverju leyti neytendavernd á fjármálamarkaði þótt með ólíkum hætti sé. Því er ljóst að skýra þarf nánar hlutverk hvorrar

stofnunar fyrir sig hvað aðkomuna varðar svo neytendur geti betur áttað sig á hvert þeir eigi að snúa sér í leit að leiðbeiningum eða ráðgjöf vegna viðskipta á fjármálamarkaði.

Þrátt fyrir að gott samstarf sé á milli Fjármálaeftirlitsins og Neytendastofu hefur komið til umræðu að hefja nánari samvinnu milli þeirra opinberu aðila sem koma að neytendavernd á fjármálamarkaði. Markmið slíks samstarfs er að neytendum á fjármálamarkaði sé gefinn kostur á að leita á einn stað til að fá úrlausn sinna mála, t.d. í gegnum vefsíðu sem sett væri upp í þeim tilgangi.

Þá er jafnframt starfandi nefnd á vegum forsætisráðuneytisins sem ætlað er að gera úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði. Vænta má skýrslu nefndarinnar á fyrri hluta þessa árs.<sup>10</sup>

# BIRTING Á NIÐURSTÖÐUM Á EIGINFJÁRKRÖFU SAMKVÆMT SREP FERLINU



Elvar Guðmundsson  
sérfræðingur í greiningum

Samkvæmt 84 gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, reglna nr. 215/2007, um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, og tilskipun Evrópuþingsins og Evrópuráðsins 2006/48/EC, er það á ábyrgð fjármálafyrirtækis að tryggja að eigið fé sé nægjanlegt til þess að mæta þeirri áhættu sem felst í starfsemi þess. Ferlið um mat á eiginfjárförf er kallað innra matsferli við mat á eiginfjárförf (e. Internal Capital Adequacy Assessment Process, ICAAP) og tilheyrir stoð 2 (e. Pillar 2) Basel II staðalsins. Fjármálafyrirtækjum ber að skila til viðkomandi eftirlitsaðila innramatsskýrslu, svokallaðri ICAAP skýrslu, a.m.k. einu sinni á ári sem lýsir niðurstöðum þessa ferlis.

Mati fjármálafyrirtækja er skipt upp í tvær stoðir. Stoð 1 Basel II staðalsins tekur mið af samræmdum alþjóðlegum reglum varðandi lágmarks eiginfjárförf þar sem áhættuþáttunum er skipt í þrjá þætti: Útlánaáhættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu. Undir stoð 2 Basel II staðalsins er tekið á þeim áhættuþáttum sem ekki falla undir stoð 1 í staðlinum. Má þar einkum nefna vaxtaáhættu, samþjöppunaráhættu, lausafjáraáhættu, viðskiptaáhættu og laga- og stjórn málaáhættu. Mat á þessum áhættuþáttum byggir ekki á samræmdri aðferðafræði, eins og áhættuþættirnir undir stoð 1 gera. Í kjölfar skila fjármálafyrirtækis á ICAAP skýrslunni fer af stað ferli innan eftirlitsaðilans sem kallað er könnunar- og matsferli (e. Supervisory Review and Evaluation Process, SREP, hér eftir nefnt SREP ferli), þar sem eftirlitið

leggur mat á innra matsferlið. SREP ferlið felst í því að meta hvort fjármálafyrirtæki hafi nægilegt eigið fé til þess að styðja við og mæta öllum mikilvægum tegundum áhættu sem felast í starfsemi þess. Einnig er lagt mat á stjórnarhætti og innri verkferla fjármálafyrirtækja. Mat þeirra á eiginfjárförf sinni undir stoð 2 Basel II staðalsins er ekki endilega það sama og mat eftirlitsaðilans. Þá er það mat Fjármálaeftirlitsins sem gildir að undangengnum viðræðum (e. dialogue) við fjármálafyrirtækið.

Skiptar skoðanir eru um það hvort birta eigi opinberlega þá eiginfjárkröfu sem eftirlitsaðilar gera samkvæmt SREP ferlinu. Í Evrópu er meginreglan að gera það ekki. Hægt er að færa rök bæði með og á móti slíkri birtingu.

Fyrst ber að hafa í huga að þrátt fyrir að til séu almennar leiðbeiningar eftirlitsaðila um hvernig beri að meta þær áhættur sem heyra undir stoð 2 Basel II staðalsins, þá hafa fjármálafyrirtæki engu að síður töluvert svigrúm hvað varðar þá aðferðafræði sem notuð er til þess að meta þessar áhættur sem síðan hefur áhrif á innra mat á eiginfjárförf viðkomandi fjármálafyrirtækis.

Helstu rökin fyrir slíkri opinberri birtingu eru að hún auki gagnsæi á markaði að því leyti að auðveldara verði að bera saman fjármálafyrirtæki m.t.t. undirliggjandi áhættuþátta. Einnig hefur verið bent á að þessar upplýsingar myndu nýtast vel við greiningu og viðbrögð við yfirvofandi kerfisáhættu.

Helstu rökin gegn slíkri birtingu eru að á meðan ekki er til staðar stöðluð aðferðafræði við að meta þær áhættur sem falla undir stoð 2 Basel II staðalsins, að þá sé varhugavert að birta opinberlega niðurstöðurnar úr SREP ferlinu.

Danmörk er eitt fárra landa þar sem lögbundin krafa er um að niðurstaða um eiginfjárkröfu úr SREP ferli sé birt. Þetta hefur leitt til þess að þurft hefur að gefa út ítarlegar leiðbeiningar um hvernig eigi að meta eiginfjárförf vegna stoðar 2 í Basel II staðlinum. Þessi krafa hefur einnig leitt til þess að danska fjármálaeftirlitið verður að framkvæma árlegt SREP ferli fyrir öll fjármálafyrirtæki og sú vinna hefur verið mjög frek á mannafl. Af þeim sökum er þetta fyrirkomulag í endurskoðun hjá þeim.

ICAAP/SREP ferlið er ennþá í mótun á Íslandi sem og á alþjóðlegum vettvangi og er Fjármálaeftirlitið að þróa eigin aðferðafræði í tengslum við þetta ferli. Það er mikilvægt að byggja upp frekari reynslu, bæði hjá Fjármálaeftirlitinu og fjármálafyrirtækjum, og jafnframt fylgjast með því hver þróunin verður hvað þetta varðar í nágrannalöndum okkar áður en ákvörðun verður tekin um opinbera birtingu á niðurstöðum SREP ferlisins um eiginfjárkröfu hér á landi.



# FJÖLGUN MÁLSKOTA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR Í VÁTRYGGINGAMÁLUM



Rúnar Guðmundsson  
formaður úrskurðarnefndar  
í váttryggingamálum

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum hefur verið starfandi frá árinu 1994. Nefndin er vistuð hjá Fjármálaeftirlitinu. Nefndin úrskurðar um ágreining varðandi bótaskyldu þ.m.t. sök og sakarskiptingu milli málskotsaðila (neytanda) og váttryggingafélaga sem starfsleyfi hafa hér á landi.

Starfsemi nefndarinnar var lögfest með tilkomu laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, sem tóku gildi 1. janúar 2006. Viða í lögum um váttryggingarsamninga er kveðið á um að skjóta megi ágreiningi til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum.

**Málskotum til úrskurðarnefndar hefur fjölgað mjög undanfarin ár. Yfirlit yfir starfsemi nefndarinnar frá árinu 2005 – 2012, svo dæmi sé tekið, sýnir þetta glögglega.**

**Hverjar eru mögulegar ástæður fjölgunar málskóta? Ýmislegt má til taka, svo sem:**

- Aukin þekking á starfsemi úrskurðarnefndar.
- Starfsemi nefndarinnar var lögfest með tilkomu laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 en við það má fullyrða að hún hafi fengið meira vægi.
- Breyting var gerð á samþykktum Tjónanefndar váttryggingarfélaganna fyrir nokkru síðan sem hefur haft það í

för með sér að fleiri ágreiningsmál rata beint til úrskurðarnefndar.

– Lögmenn hafa í auknum mæli leitað til nefndarinnar fyrir hönd umbjóðenda sinna. Þeir hafa sumir hverjir auglýst þjónustu sína með nokkuð áberandi hætti og þannig e.t.v. ýtt við fjölda „viðskiptavina váttryggingafélaga.

– Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd er ódýr, málskotsgjaldið er einungis kr. 6.000, það eitt og sér færir vart nokkurn frá.

– Vitundarvakning hefur mögulega orðið hjá neytendum í kjölfar bankahrunsins svonefnda á árinu 2008. Efnahagsástandið hefur e.t.v. ýtt við neytendum þannig að þeir leita allra leiða sem fyrir hendi eru.

– Lögin um váttryggingarsamninga (nr. 30/2004) halda vel utan um réttarstöðu aðila en þau hafa gefið tilefni til fjölda ágreiningsmála t.d.:

- Hvort gætt hafi verið upplýsingaskyldu við töku váttryggingar og síðar eftir atvikum.
- Hvort brotið hafi verið gegn varúðarreglu váttryggingarskilmála.
- Hvort brotið hafi verið gegn ákvæði um tilkynningarskyldu váttryggingafélags ef það hyggst bera fyrir sig rétt til takmörkunar á ábyrgð.

• Hvort krafa sé fyrnd.

• Hvort váttryggingafélag geti slitið váttryggingarsamningi.

• Hvort váttryggingaratburði hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi og áhrif þessa.

• Ef váttryggingafélag hafnar bótakröfu í heild eða að hluta glatar váttryggður rétti til bótanna ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd innan árs frá því hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans hafi verið hafnað. Í slíkri tilkynningu er skylt að upplýsa váttryggðan um framangreindan tímafrest. Oft er ágreiningur um hvort þessa hafi verið gætt.

• Hvort um tilraun til váttryggingasvika er að ræða.

• Hvort váttryggður hafi glatað rétti til að tilkynna váttryggingaratburð og til lögfræðilegra aðgerða. Mikilvægt er að viðskiptavinir váttryggingafélaga hafi í huga þá tímafresti sem lögin kveða á um t.d. um frest til að tilkynna váttryggingaratburð í slysa-, sjúkra- eða heilsutryggingum og til lögfræðilegra aðgerða. Fjöldi úrskurða liggur fyrir vegna þessa og jafnframt nokkrar niðurstöður dómstóla um hvernig skýra skuli t.d. 124. gr. laganna að þessu leyti.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Úrskurði má sjá á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins: <http://www.fme.is/eftirlitsstarfssemi/urskurdarnefndir/urskurdanefnd-i-vattryggingamalum/>

Ár	Fjöldi úrskurða	Breyting málskotsaðila í vil í prósentum
2005	225	32,4%
2006	270	38,9%
2007	242	33,5%
2008	305	27,2%
2009	443	28,4%
2010	407	27,7%
2011	523	24,7%
2012	563	22,22%

#### Fleiri álitaefni hefur oft reynt á, t.d.:

- Hvort um slys hafi verið að ræða samkvæmt skilgreiningu vátryggingarskilmála.
- Hvort rekja megi vinnuslys til vanrækslu vinnuveitanda.
- Hvort rekja megi skemmdir á bifreið til framkvæmdaraðila á vegi.
- Hvort sýnt hafi verið fram á orsakatengsl milli tjónsatburðar og líkamlegs ástands sem tjónþoli telur sig búa við.
- Hvort ástand húseignar megi rekja til vanrækslu byggingarstjóra og/eða framkvæmdaraðila.
- Hvort rekja megi tjónsatburð til notkunar ökutækis.
- Hvort um bótaskyldan atburð hafi verið að ræða eða undanskilda áhættu sbr. t.d. hvort um innbrot hafi verið að ræða, hvort vátryggður hafi

gætt nægjanlegrar aðgæslu farangurs eða muna erlendis.

- Hvort veikindi megi rekja til sjúkdóms sem fellur undir skilgreiningu skilmála á bótaskyldum sjúkdómi.

#### Miklu skiptir að vanda til málskots hverju sinni

- Mikilvægt er að vanda til málskots fyrir úrskurðarnefnd því hagsmunir aðila eru oft mjög miklir og samþykktir nefndarinnar takmarka heimild til endurupptöku. Samkvæmt samþykktum nefndarinnar má einungis endurupptaka mál ef nýjar upplýsingar koma fram sem ekki var unnt að afla eða koma á framfæri þegar mál var tekið fyrir og sem getur haft áhrif á niðurstöðu þess.
- Rétt er að láta þess getið að úrskurðarnefndin er ekki stjórn-sýslunefnd þ.e. starfsemi hennar fellur ekki undir ákvæði stjórn-sýslulaga en nefndin gætir andmælaréttar og leiðbeiningarskyldu eftir því sem mögulegt er við afgreiðslu mála.



FJÁRMÁLAEFTIRLITID  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

**Ritstjórn:** Arnar Þór Sæþórsson, Kristján Ólafur Jóhannesson, Ragnar Hafliðason, Ragnheiður Morgan Sigurðardóttir, Sara Sigurðardóttir og Sigurður G. Valgeirsson.

Skoðanir sem koma fram í greinum í þessu riti eru skoðanir höfunda(r) og þurfa ekki að endurspegla skoðun Fjármálaeftirlitsins.